

Sumarstörf á Silfurtúni

Óskað er eftir starfsfólki á Dvalar- og hjúkrunarheimlið Silfurtún í afleysingarstörf í sumar og fram á haust 2014. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum launanevndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar veitir Eyþór J. Gíslason rekstrarstjóri í síma 898 1251

Sturluhátíð 27. júlí

Sunnudaginn 27. júlí 2014 verður efnt til Sturluhátíðar í Dalabyggð en á þessu ári eru 800 ár liðin frá fæðingu Sturlu Þórðarsonar. Hann fæddist 29. júlí 1214. Hátíðin verður haldin að Tjarnarlundi í Saurbæ, hefst klukkan hálf tvö og stendur fram eftir degi.

Dagskráin verður kynnt síðar en meðal gesta verður forseti norska stórþingsins, Einar Kárason rithöfundur og Guðrún Nordal forstöðukona stofnunar Árna Magnússonar.

Hér verður á ferðinni efni sem enginn þeirra sem hafa áhuga á íslenskri sögu mega missa af og því rétt að taka daginn strax frá.

Sumarlokun Héraðsbókasafns Dalasýslu

Í sumar verður Héraðsbókasafn Dalasýslu opið þriðjudagana 10. júní, 24. júní, 8. júlí og 22. júlí. Frá og með 12. ágúst verður síðan opið aftur opið alla þriðjudaga og fimmtudaga.

Breyting á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016

Sorpurðunarsvæði og breyting á vegi

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti þann 15. apríl 2014 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016. Tillagan var auglýst frá 27. febrúar til 11. apríl 2014. Engar athugasemdir bárust en vegna ábendinga frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og Vegagerð var vatnsból í farvegi Reykjadalsár, Nr. 2 – Fellsendi fellt úr aðalskipulagi enda ekki nýtt lengur. Þá var vatnsverndarsvæði, í flokki III í farvegi Suðurár/Hundadalsár minnkað.

Tillagan hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulags- og byggingarfulltrúa Dalabyggðar.

Sveinn Pálsson, sveitarstjóri Dalabyggðar



Dalapósturinn

7. tölublað, 7. árgangur
26. maí 2014

Sveitarstjórnarkosningar 31. maí

Kjörfundur

Kjörfundur í Dalabyggð vegna sveitarstjórnarkosninga verður haldinn laugardaginn 31. maí 2014 kl. 10-22 í Héraðsbókasafni Dalasýslu, Miðbraut 11, Búðardal.

Kjósendum ber að framvísa persónuskilríkjum á kjörstað.

Nánari upplýsingar um kosningarnar er að finna á kosningavef innanríkisráðuneytisins www.kosning.is

Kjörstjórn Dalabyggðar

Skoðanakönnun um sameiningu sveitarfélaga

Samhliða kosningu til sveitarstjórnar fer fram skoðanakönnun meðal íbúa, þar sem spurt verður um afstöðu þeirra til sameiningar við önnur sveitarfélög. Spurt verður hvort viðkomandi vilji að Dalabyggð sameinist öðru sveitarfélagi, og sé svarið játandi verða gefnir nokkrir kostir um sameiningu sem hægt verður að velja um.

Könnunin verður ráðgefandi fyrir næstu sveitarstjórn sem vinna mun úr niðurstöðunni í samvinnu við önnur sveitarfélög og í samræmi við 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.